




Stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (E31)

Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI

SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

26.05.2026



Efnisyfirlit

1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur	2
1.1 Staðsetning og staðhættir	2
1.1.1 Fuglalíf og vistgerðir	2
2 Skipulagsleg staða	4
2.1 Landsskipulagsstefna	4
2.2 Sóknaráætlun Suðurlands	4
2.3 Gildandi aðalskipulag	5
2.3.1 Landnotkun – Efnistökusvæði	6
2.3 Deiliskipulag	7
3 Skipulagstillagan	7
3.1 Breyting á aðalskipulagi	7
3.2 Breyting á greinargerð	7
3.3 Deiliskipulagstillaga	7
3.3.1 Fyrirhuguð vinnsla og frágangur námunnar	8
4 Umhverfisskýrsla	9
5 Kynning, samráð og ferli	10
5.1 Breytingar að lokinni kynningu	11

1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Gerð er breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sbr. 1. mgr, 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps leggur til eftirfarandi breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Breytingin felst í stækkun efnistökusvæðis E31 þar sem efnismagn námunnar er aukið úr 45.000 m³ í 138.000 m³ í skilmálum greinargerðar. Engin breyting er á aðalskipulagsupphætti.

Aðalmarkmið með stækkun á viðkomandi efnistökusvæði er að mæta aukinni eftirspurn eftir efni vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg. Þær framkvæmdir fela meðal annars í sér lagningu nýs vegar og brúar yfir Þjórsá, auk rofarna í tengslum við brúargerðina. Landsvirkjun hefur óskað eftir notkun á efni námunnar. Umrædd náma varð fyrir valinu vegna nálægðar hennar við framkvæmdasvæði Búðafossvegar en náman er aðeins um 15 km frá svæðinu, sem gerir efnistöku og flutning efnis skilvirknan og hagkvæman. Þar að auki verður efni úr námunni nýtt til vegagerðar vegna Fjallabaðanna og hótels við Rauðukamba í Þjórsárdal. Efnistökusvæðið er í um 34 km fjarlægð frá viðkomandi framkvæmdasvæði.

Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016–2032 felur í sér efnistöku sem fellur undir flokk B í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02. Af þeirri ástæðu þar framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd, og stofnuninni var skylt að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin skyldi háð umhverfismati. Með ákvörðun sem barst 30. apríl 2025 komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að efnistakan skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Finna má ýtarlegri upplýsingar um málsmeðferð og málsgögn undir máli nr. 368/2025 inn á skipulagsgatt.is. Þar má finna öll opinber skjöl, umsagnir og ákvarðanir sem tengjast málinu.

1.1 Staðsetning og staðhættir

Grjótnáma E31 er á landi Syðra-Langholts 4 (*sjá Mynd 1*). Náman er staðsett á jaðri túns sem liggur fremur hátt í landi en hallar niður að læknum Langholtsósi, um 8-10 metra. Svæðið umhverfis námuna er heldur gróið og er jarðvegsþykkt um 1-1,5 m af stórum hluta svæðisins.

Svæðið einkennist mestmegnis af túnum og akurlendi. Á jaðri núverandi námu má, samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, finna víðikjarrvist sem telst til þeirra vistgerða með hátt verndargildi. Stórum hluta hennar hefur þó þegar verið raskað vegna eldri efnistöku og verður vistgerðinni ekki raskað frekar með fyrirhugaðri framkvæmd.

Það eru engar þekktar náttúruáhrif innan svæðisins en svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis líkt og allt Suðurlandsundirlendið.

Í nágrenni við efnistökusvæðið er landbúnaðarland allt í kring. Sunnan við lækinn Langholtsós er svokallaður Ósatangi og er hann einnig að stærstum hluta ræktað landbúnaðarland. Ósatanginn er þó einnig skilgreindur sem hluti hverfisverndar HV11 - Stóra Laxá.

Aðkoma að svæðinu er um 1 km slóða á landi Birtingaholts sem tengist Auðsholtsvegi. Við efnistökusvæðið er tæplega 1.500 m² aðstöðuplan.

1.1.1 Fuglalíf og vistgerðir

Efnistökusvæði E31 er staðsett innan mikilvægs fuglasvæðis Suðurlandsundirlendis, sem er um 3.500 km² að flatarmáli og hefur alþjóðlegt gildi fyrir mófugla og votlendisfugla. Svæðið er hluti af einu mikilvægasta varp- og viðkomusvæði landsins fyrir ábyrgðartegundir Íslands á borð við spóa, heiðlóu, lóupræl og hrossagauk. Samkvæmt Válista fugla 2025, sem gefin er út af

Náttúrufræðistofnun Íslands, hafa heiðlóa, spói og lóupræll færst í flokk „í nokkurri hættu“. Stofnar þessara tegunda hafa dregist saman um allt að 30–40% á síðustu 10–15 árum, einkum vegna búsvæðamissis og landnotkunarbreytinga. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á vernd þessara tegunda.

Framkvæmdarsvæðið einkennist að mestu af túnum og akurlendi þar sem mannleg umsvif hafa þegar mótað vistgerðir. Á jaðri núverandi námu er víðikjarrvist með hátt verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar, en verulegum hluta hennar hefur þegar verið raskað við fyrri efnistöku. Fyrirhuguð stækkun nær einkum til þegar raskaðs lands og túnflata og felur ekki í sér röskun á ósnortnum votlendisvistgerðum. Stækkunin getur þó haft tímabundin áhrif á fuglategundir sem nýta tún og akurlendi til fæðuöflunar eða viðkomu, svo sem lóm, himbrima, álft og grágæs, þar sem takmarkað búsvæðatap verður á framkvæmdartíma. Að efnistöku lokinni verður svæðið mótað og grætt upp með það að markmiði að endurheimta sambærileg búsvæði og skapa forsendur fyrir því að fuglalíf á svæðinu nái sér á strik að nýju.

Allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 og við skipulag og framkvæmd verður tekið fullt tillit til ákvæða náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og búsvæða. Framkvæmdin getur haft tímabundin jaðaráhrif á fugla sem nýta tún og akurlendi til varps eða fæðuöflunar, m.a. vegna hávaða, sprenginga, umferðar og haugsetningar efnis. Til að draga úr truflun verður vinnsla bundin við dagvinnutíma og leitast við að lágmarka rask á varptíma fugla eftir því sem kostur er. Jafnframt verða mold og yfirborðsefni haugsett í manir umhverfis námuna og þær græddar upp jafnóðum til að draga úr foki, hávaða og sjónrænum áhrifum. Að efnistöku lokinni, árið 2031, verður svæðið endurmótað og grætt upp með það að markmiði að endurheimta sambærileg búsvæði og skapa forsendur fyrir endurkomu fuglalífs.

Með hliðsjón af takmörkuðu umfangi stækkunarinnar (0,4 ha), staðsetningu hennar innan þegar raskaðs svæðis og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum eru áhrif á fuglalíf metin neikvæð, en staðbundin og tímabundin.



Mynd 1 Staðháttakort. Hvít punktalína sýnir áætluð mörk fyrirhugaðrar stækkunar efnistökusvæðis. Rauð heil lína

2 Skipulagsleg staða

2.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu í skipulagsmálum fyrir landið í heild til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnýtingu. Stefnan snertir á ýmsum lykilviðfangsefnum s.s. viðbrögðum við loftslagsbreytingum, jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi, landnotkun í dreifbýli og skipulagi haf- og strandsvæða.

Framtíðarsýn stefnunnar er svo hljóðandi: „Skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“ Til þess að uppfylla hana hafa stjórnvöld sett sér þrjú yfirmarkmið í skipulagsmálum:

A. Vernd umhverfis og náttúru.

B. Velsæld samfélags.

C. Samkeppnishæft atvinnulíf.

Að vinna að kolefnishlutleysi og markvissum samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda eru lykilaðgerðir í markmiðinu vernd umhverfis og náttúru, þar sem stefnt er að tryggja heilnæmt umhverfi, varðveislu víðerna og náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Til þess að framfylgja markmiðinu um velsæld samfélagsins er annars vegar lögð áhersla á aðlögun að loftslagsbreytingum og hins vegar á að tryggja gæði hins byggða umhverfi.

Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf byggir á ýmsum áherslum. Kolefnishlutleysi og aukin kolefnisbinding eru í forgrunni, með áherslu á sjálfbæra nýtingu vatns og lands. Sjálfbær uppbygging atvinnulífs og ferðaþjónustu eru aðrar lykiláherslur, ásamt orkuskiptum sem stuðla að minni losun. Þá er lögð áhersla á fjölbreytta, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands til að tryggja vöxt atvinnulífsins á sjálfbæran hátt.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við markmið Landsskipulagsstefnu um sjálfbæra landnýtingu og skilvirka innviðauppbyggingu. Með því að nýta efnistökusvæði sem þegar hefur verið raskað og liggur í nálægð við fyrirhugaðar framkvæmdir við Búðafossveg og Hvammsvirkjun er dregið úr umhverfisáhrifum, flutningsvegalengdum og heildarraski. Breytingin styður þannig við markmið stefnunnar um vernd umhverfis og náttúru, eflingu innviða og samkeppnishæft atvinnulíf á sjálfbærum forsendum.

2.2 Sóknaráætlun Suðurlands

Sóknaráætlun Suðurlands 2025–2029 er sameiginleg byggðaáætlun sveitarfélaga á Suðurlandi og markar stefnu um sjálfbæra þróun, eflingu samfélags og atvinnulífs, og styrkingu grunninnviða á svæðinu. Áætlunin er unnin í víðtæku samráði við íbúa, sveitarfélög, atvinnulíf og stofnanir og endurspeglar sameiginlega framtíðarsýn Sunnlendinga. Áætluninni er skipt í fjórar stoðir: 1) Atvinna og nýsköpun, 2) Samfélag, 3) Umhverfi, og 4) Innviðir. Hér á eftir er fjallaðu um þau markmið áætlunarinnar sem aðalskipulagsbreyting þessi aðstoðar við að uppfylla.

Stoð 1 – Atvinna og nýsköpun

Breyting aðalskipulagsins styður við markmið 1.7 „**Auka framboð af grænni orku til atvinnuuppbyggingar**“, þar sem fyrirhuguð efnistaka er liður í undirbúningi Hvammsvirkjunar, sem er hluti af orkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Með breytingunni verður unnt að tryggja nauðsynlegt efni til framkvæmda og þar með styðja við þróun sjálfbærrar orkuvinnslu á svæðinu.

Stoð 4 – Innviðir


Breytingin styður einnig við nokkur meginmarkmið fjórðu stoðar:

- **4.5 Skipulag í þágu íbúa og samfélags**
Aðalskipulagsbreytingin styður við það að á svæðinu eigi sér stað staðbundin þróun líkt og markmiðið kveður á um.
- **4.6 Efla aðstöðu og innviði fyrir atvinnu, menntun og samfélagsverkefni**
Framkvæmdir sem nýta efni námunnar, m.a. við Hvammsvirkjun, hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf og skapa tímabundin og varanleg atvinnutækifæri á svæðinu.
- **4.7 Tryggja öruggar samgöngur**
Efnið úr námunni verður nýtt m.a. í vegagerð og við byggingu nýrrar brúar yfir Þjórsá. Sú framkvæmd mun bæta samgöngur og flæði um svæðið, auka öryggi og styrkja tengingar milli byggðakjarna.

Samantekið er breytingin talin samrýmast megintilgangi Sóknaráætlunar Suðurlands og styðja við bæði uppbyggingu innviða og þróun sjálfbærrar atvinnu og samfélags á svæðinu.

2.3 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði og er náman skráð sem E31 (sjá Mynd 2). Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar þau svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til.



Mynd 2 Hluti Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032. Staðsetning skipulagssvæðisins er sýnd með hvítri brotalínu.

2.3.1 Landnotkun – Efnistökusvæði

Innan skipulagssvæðisins er að finna landnotkunina efnistökusvæði (E).

Eftirfarandi **stefna** er mörkuð í aðalskipulagi um efnistöku og efnislosunarsvæði:

- **Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða.**
- **Efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.**
- **Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og góðan frágang.**

Eftirfarandi **leiðir** eru settar fram í aðalskipulagi um efnistöku og efnislosunarsvæði:

- *Efnistaka/efnislosun er óheimil nema að fyrir liggi framkvæmdaleyfi.*
- *Landeiganda/umráðamanni er heimil efnistaka til eigin nota úr eigin landi og utan verndarsvæða.*
- *Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.*
- *Ekki verði um efnistöku að ræða á friðlýstum svæðum. Að jafnaði verði ekki um námuvinnslu að ræða á svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.*
- *Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulagi eru til mismunandi nota og gert ráð fyrir að þær uppfylli fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímann.*

Eftirfarandi **reglur** gilda um efnistöku og efnislosun samkvæmt aðalskipulagi:

- Jarðefni er auðlind og nýta skal það efni sem best er til framkvæmda fallið.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmynda og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Ekki verði unnið nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að heildarsvipmót landslagsheilda raskist sem minnst.
- Að takmarka sem mest sýnileika frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku-/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Áætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki áнна og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög.

- Góð umgengni um námu á framkvæmdatíma dregur úr sjónrænum áhrifum og hættu á foki.
- Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verður leitað til að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Efnistökusvæði					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³	Stærð m ²	Jörð
E31	Syðra-Langholt	Grjót- og malarnáma	45.000	45.000	S-Langholt 4

2.3 Deiliskipulag

Á skipulagssvæðinu er í gildi deiliskipulag frá 8. apríl 2021 fyrir efnistökusvæði E31. Unnið er að deiliskipulagsbreytingu samhliða aðalskipulagsbreytingu.

3 Skipulagstillagan

3.1 Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 felst í því að skilmálum efnistökusvæðis E31 er breytt í greinargerð. Heimilað efnismagn verður hækkað úr 45.000 m³ í 138.000 m³.

Engin breyting er á aðalskipulagsuppdrætti. E31 verður áfram táknað sem punktur á uppdrætti.

3.2 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflu á blaðsíðu 26 í greinargerð. Magni af leyfðri efnitöku er breytt, úr 45.000 m³ í 138.000 m³.

Efnistökusvæði					
Nr.	Heiti	Lýsing	Magn m ³ (allt að...)	Stærð m ² (allt að...)	Jörð
E31	Syðra-Langholt	Grjót- og malarnáma	138.000	45.000	S-Langholt

3.3 Deiliskipulagstillaga

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sem tók gildi 8. apríl 2021.

Áformað er að stækka á efnistökusvæði E31, grjótnámu á Syðra-Langholti, sem nemur um 0,4 ha eða úr 0,9 ha í 1,3 ha. Efni úr námunni verður nýtt að mestu til vegagerðar vegna Fjallabaðanna og hótels við Rauðukamba í Þjórsárdal, sem og framkvæmdir við fyrirhugaðan Búðafossveg og Búðafossbrú, þar sem efnið verður nýtt til vega- og brúargerðar auk rofvarna.

Verkbættir	Kennistærðir
Efnistaka í Grjótnámu E31	
<i>Stærð efnistökusvæðis skv. gildandi aðalskipulagi</i>	4,5 ha
<i>Fyrirhuguð stærð á efnistökusvæði</i>	1,3 ha (nýttir 0,9 ha fyrir)
<i>Heimiluð efnistaka skv. gildandi aðalskipulagi</i>	45.000 m ³
<i>Fyrirhuguð viðbótarefnistaka</i>	93.000 m ³
<i>Fyrirhuguð heildar efnistaka</i>	138.000 m ³

3.3.1 Fyrirhuguð vinnsla og frágangur námunnar

Náman var upphaflega opnuð frá aðstöðuplani við Langholtsós. Við opnun var rof skorið í brekkuna og inn í námuna, sem dregur úr sýnileika hennar í landslagi. Í botni námusvæðisins er aðkomuvegur, um 5–6 m breiður. Við áframhaldandi vinnslu verður notast við sama aðkomuop og áður.

Ofan á stórum hluta svæðisins er 1–1,5 m þykkt moldarlag. Þessu yfirborðsefni verður safnað saman og hlaðið upp í manir við jaðar námunnar til að draga úr sjónrænum áhrifum hennar. Manirnar verða græddar upp strax og jafnóðum og þær eru gerðar til að minnka fok, bæta ásýnd svæðisins og draga úr hljóðrænum áhrifum námuvinnslnnar. Við lokun námunnar verður moldarmönunum dreift aftur yfir vinnslusvæðið. Landið verður mótað og grætt upp þannig að það falli sem best að umhverfi sínu og verði samræmt landslaginu í kring um námuna.

Gert er ráð fyrir að unnt verði að mala eða harpa efnið á svæðinu áður en það er flutt burt. Mölun og hörpun skal fara fram innan mananna sem mótvægisáðgerð vegna hljóðmengunnar. Hluti efnisins getur einnig verið haugsettur tímabundið innan svæðisins ef það nýtist ekki strax.

Til að tryggja góða hljóðvist og draga úr truflun verður vinna við námuna bundin við hefðbundinn dagvinnutíma, þ.e. 8 klukkustundir á dag, fimm daga vikunnar. Hvorki skal unnið við námuna á kvöldin né um helgar.

Við sprengingar í námunni verður fjölda og stærð hleðslna stýrt þannig að hávaði, titringur og rask gagnvart nærliggjandi landeigendum verði í lágmarki. Við vinnslu jarðefna skal það tryggt að áhrif sprenginga á nærliggjandi íbúðarhús fari ekki yfir viðurkennd mörk jarðtitrings samkvæmt gildandi stöðlum. Áður en regluleg vinnsla hefst verður framkvæmd prófunarsprenging og hámarks hleðslustærð ákveðin á grundvelli mælinga á jarðtitringi við nærliggjandi íbúðarhús, þannig að tryggt sé að titringur haldist innan tilsettra viðmiðunarmarka. Nánari útfærsla skilyrða skal koma fram í deiliskipulagi og/eða í starfsleyfi námunnar.

Heimild til vinnslu er bundin við fimm ára tímabil frá upphafi efnistöku. Frágangur svæðisins, þ.m.t. landmótun og uppgræðsla, skal vera að fullu lokið fyrir 1. janúar 2031.

Eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum er í höndum skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Ýtarlegri skilmála og mótvægisáðgerðir verður að finna í tillögu að breytingu á deiliskipulagi efnistökusvæðisins E31.

4 Umhverfisskýrsla

Metin eru áhrif af stækkun efnistöksvæðis E31 á átta valda umhverfispætti: jarðmyndanir, vatnafar, vistgerðir, fuglalíf, landslag og ásynd, fornminjar, umferð og mengun. Efnistöksvæðið var valið sökum gæða jarðefna og með tilliti til fjarlægðar við notkunarstað.

Um er að ræða efnistöksvæði sem hefur nú þegar verið raskað og er naman opin í dag og hafa neikvæð áhrif af námurekstrinum að miklu leyti þegar komið fram. Að mestu leyti er rask á landi bundið við landbúnaðarland þar sem afgerandi áhrifa mannlegra athafna gætir nú þegar.

Í ákvæðum gildandi aðalskipulags er kveðið á um um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni. Taflan hér að neðan sýnir samantekt á mati á áhrifum áætlaðar á þá umhverfispætti sem voru til umfjöllunar.

Heildaráhrif þeirrar aðalskipulagsbreytingar sem hér um ræðir eru metin óveruleg. Samráð hefur þegar átt sér stað við nærliggjandi landeigendur og viðeigandi mótvægisáðgerðir hafa verið útfærðar til að lágmarka mögulegt ónæði sem rekstur námunnar kann að valda.

Tafla 2 Niðurstöður umhverfismats

UMHVERFISÞÁTTUR	NIÐURSTÖÐUR
JARÐMYNDANIR	Náman er grjót- og malarnáma sem liggur á berggrunni úr eldra grágrýti. Efnistaka í námunni mun valda beinum og varanlegum áhrifum á berggrunninn eðli málsins samkvæmt. Hins vegar eru engar sérstæðar jarðmyndanir á svæðinu og svæðið er hvorki friðlýst né á náttúruminjaskrá. Metið er svo að áhrif á séu óveruleg .
VATNAFAR	Áhrif á vatnafar eru metin óveruleg vegna fjarlægðar frá Stóru-Laxá. Náman er hvorki innan áhrifasvæðis árinna, hverfisverndarsvæðis hennar (HV11 - Stóra Laxá), né flóðasvæðis.
VISTGERÐIR	Svæðið einkennist mest megnis af túnum og akurlendi, sem eru ekki verndaðar vistgerðir. Hluti svæðisins inniheldur sérstæða víðikjarrvist sem hefur hátt verndargildi. Stórum hluta hennar hefur nú þegar verið raskað vegna eldri efnistöku og verður vistgerðinni ekki raskað meira með framkvæmdinni. Metið er svo að áhrif verði óveruleg .
FUGLALÍF	Framkvæmdin mun hafa einhver áhrif á fuglalíf í svæðinu, einkum á tegundir sem nýta tún og akurlendi, eins og lóm, himbrima, ált og grágæs. Eftir frágang námunnar mun fuglalíf þó endurheimta bússvæði sitt. Metið er svo að áhrif á fuglalíf verði neikvæð vegna jaðaráhrifa námunnar og búsvæðataps en að því sögðu hefur stækkun námunnar einungis áhrif á fáa einstaklinga (staðbundin áhrif) og eru áhrif hennar tímabundin.
LANDSLAG OG ÁSÝND	Náman mun vera grafinn inn í land og sést í dag aðeins að hluta. Stækkunin mun ekki hafa veruleg áhrif á sýnileika námunnar, þar sem landlagið og uppgræddar manir á jöðrum svæðisins draga úr ásynd hennar. Frágangur mun tryggja að svæðið falli að náttúrulegu landslagi. Metið er svo að áhrif verði óveruleg .
FORNMINJAR	Engar þekktar fornminjar eru innan svæðisins. Komi fornminjar í ljós við framkvæmdina verða þær tilkynntar til Minjastofnunar. Því eru áhrif metin engin .

UMFERÐ	Áhrif á umferð svæðisins eru metin neikvæð en staðbundin og tímabundin. Fjöldi daglegra ferða er ekki talinn það mikill að hann hafi veruleg áhrif á greiðfærni, en aukning þungaflutninga getur mögulega haft áhrif á umferðaröryggi á vegköflum næst námusvæðinu. Til að draga úr áhrifum verður akstur skipulagður með tímastýringu og takmörkun daglegra ferða, auk þess sem tryggður verður öruggur inn- og útakstur frá námu og settar upp viðeigandi merkingar og viðvaranir við vegamót Auðsholtsveggar og aðkomuvegar námunnar. Með hliðsjón af umfangi framkvæmdar og dreifingu umferðar er talið að tryggja megi viðunandi greiðfærni og umferðaröryggi. Nánari umfjöllun má finna í meðfylgjandi samgöngumati og skilmála í tillögu að breytingu deiliskipulags.
NÁGRENNI, SAMFÉLAG OG MENGUN	Áhrif framkvæmdarinnar á nágrenni, samfélag og mengun eru metin neikvæð, en tímabundin og staðbundin. Að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisaðgerða eru áhrif framkvæmdarinnar talin ásættanleg og til þess fallin að draga úr áhrifum á nærliggjandi landeigendur. Starfsemi námunnar getur þó valdið tímabundnu ónæði vegna sprenginga, hávaða og titrings. Til að lágmarka áhrif hljóð- og titringismengunar verða eftirfarandi mótvægisaðgerðir viðhafðar. Starfsemi í námunni verður bundin við hefðbundinn dagvinnutíma og verður ekki heimil um helgar. Við sprengingar verður fjölda og stærð hleðslna stýrt þannig að hávaði, titringur og rask gagnvart nærliggjandi landeigendum verði í lágmarki og í samræmi við viðeigandi staðla, lög og reglugerðir. Notkunartími námunnar verður takmarkaður við fimm ár frá því að vinnsla hefst og skal frágangi og landmótun lokið innan þess tíma. Framkvæmdaraðili skal bera ábyrgð á tjóni sem sannanlega kann að verða rakið til starfsemi námunnar. Svifryk getur borist frá námunni, einkum á þurrum og vindasömum dögum, en vegna fjarlægðar frá nærliggjandi byggð og ríkjandi vindáttu á svæðinu eru áhrif þess metin lítil. Loftmengun vegna starfseminnar er því talin óveruleg og innan ásættanlegra marka.

5 Kynning, samráð og ferli


Skipulagslýsingin var kynnt í desember 2025. Umsagnir bárust frá Brunavörnum Árnessýslu, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun, Fiskistofu, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Ingibjörgu E. Ingjalddóttur og Eypóri Sigurðarsyni. Brugðist var við öllum umsögnum.

Óskað var sérstaklega eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurland
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúruverndarstofnun

- *Nærliggjandi landeigendur*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Hrunamannahrepps*

Aðalskipulagsbreyting var kynnt skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 veturinn 2025-2026. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:



5.1 Breytingar að lokinni kynningu

26.05.2026

Eftir kynningu tillögunnar hefur greinargerðin verið uppfærð og skýrð nánar með hliðsjón af athugasemdum og ábendingum umsagnaraðila. Samgöngumat var unnið í samráði við Vegagerðin og fylgir tillögunni sem fylgigagn. Jafnframt var bætt við umfjöllun um eftirlit með framkvæmdinni í kafla 3.3.1.

Umhverfismatskafla greinargerðarinnar var einnig endurskoðaður og aukin umfjöllun sett fram um niðurstöður samgöngumatsins, áhrif framkvæmdarinnar á nærliggjandi svæði og nágranna, sem og möguleg áhrif vegna mengunar.